

## REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um fjárhagsaðstoð við sjálfviljuga heimför á grundvelli laga um útlendinga, nr. 607/2023.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „til baka“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: dregið kærú sína til baka á kærustigi.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingur á ekki rétt á aðstoð við sjálfviljuga heimför á meðan umsækjandi er með dvalarleyfisumsókn eða umsókn um ríkisborgararétt í vinnslu hjá Útlendingastofnun.

## 2. gr.

Á eftir 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Með greiðslu viðbótarstyrks er átt við styrk sem greiðist til viðbótar við enduraðlögunarstyrk og tekur mið af því á hvaða stigi málsmeðferðar ósk um aðstoð við heimför er borin fram. Réttur til greiðslu viðbótarstyrks fellur niður eftir að frestur til heimfarar er liðinn.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað töflu í 1. mgr. kemur ný tafla, svohljóðandi:

Ríki		Ferða- styrkur	Endur- aðlögunar- styrkur	Viðbótarstyrkur,	Viðbótarstyrkur,
				ef sótt er um áður en niðurstaða liggur fyrir á kærustigi, allt að	ef sótt er um <u>eftir</u> að niðurstaða liggur fyrir á kærustigi og áður en frestur til heimfarar er liðinn, allt að
A	Fullorðinn	200 evrur	2.000 evrur	2.000 evrur	500 evrur
	Barn	100 evrur	1.000 evrur	1.000 evrur	500 evrur
	Fylgdarlaust barn	200 evrur	2.000 evrur	1.000 evrur	500 evrur
B	Fullorðinn	200 evrur	1.000 evrur	1.500 evrur	500 evrur
	Barn	100 evrur	500 evrur	1.000 evrur	500 evrur
	Fylgdarlaust barn	200 evrur	2.000 evrur	1.000 evrur	500 evrur
C	Fullorðinn	X	500 evrur	X	X
Undanþegin skyldu til að hafa vegabréfs- áritun	Barn	X	500 evrur	X	X
	Fylgdarlaust barn	X	500 evrur	X	X

- b. Í stað orðanna „A eða B“ í 2. mgr. kemur: A, B eða C.
- c. Á eftir orðunum „í formi reiðufjár“ í 3. másl. 4. mgr. kemur: og í öðrum gjaldmiðli en evrum.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og er staddur hér á landi við gildistöku reglugerðarinnar og fellur undir flokk C í töflu 3. gr. skal fá greidda styrki samkvæmt flokki B.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að hafa milligöngu um greiðslu enduraðlögunarstyrkja, sem eru á vegum alþjóðastofnana, þótt um sé að ræða umsækjanda sem á ekki rétt á styrk skv. 1. gr. Útlendingur getur þó ekki fengið enduraðlögunarstyrk á vegum alþjóðastofnana samhliða enduraðlögunarstyrk á vegum íslenskra stjórnvalda.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 104. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 2. júlí 2024.*

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*

B-deild – Útgáfudagur: 12. júlí 2024